

Miðvikudaginn 27. janúar 1971.

Nr. 190/1969. **Svavar Guðmundsson og
Guðmundur E. Guðmundsson**
(Aagnar Gústafsson hrl.)
gegn
Búnaðarbanka Íslands
(Magnús Fr. Árnason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. október 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s. m. Krefjast þeir sýknu og málskostnaðar hér fyrir dómi úr hendi stefnda.

Stefndi krefst málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Hinn 25. apríl 1969 kærðu áfrýjendur til sakadóms Reykjavíkur yfir því, að nöfn þeirra hefðu verið fölsuð á víxil þann, sem málið er af risið. Við dómsrannsókn viðurkenndi samþykkjandi víxilsins, Magnús Guðmundsson, að hann hefði ritað nöfn áfrýjenda á víxilinn án vilja þeirra og vitundar. Var hann með dómi sakadóms Reykjavíkur 16. desember 1970 dæmdur til refsingar fyrir þann verknað. Af þessum sökum hefur stefndi fallið frá kröfu um, að áfrýjendur verði dæmdir til greiðslu víxilsins.

Áfrýjandi Svavar sótti þing í héraði fyrir báða áfrýjendur, en hreyfði þar engum andmælum við kröfum stefnda. Ber því að dæma áfrýjendur til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst samtals kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Svavar Guðmundsson og Guðmundur E. Guðmundsson, greiði stefnda, Búnaðarbanka Íslands, kr. 25.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lög-
um.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. janúar 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. janúar s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 11. desember 1968 af Búnaðarbanka Íslands, Reykjavík, gegn Magnúsi Guðmundssyni, Suðurlandsbraut 106 A, Reykjavík, persónulega og sem einkaeiganda Benzín- og hjólbarðapjónustunnar, Vitatorgi, Reykjavík, Svavari Guðmundssyni, Kleppsvegi 40, Reykjavík, og Guðmundi E. Guðmundssyni, Álftamýri 26, Reykjavík, til greiðslu víxils að fjárhæð kr. 150.000.00, útgefins 1. nóvember 1967 af stefnda Svavari og samþykkt af Magnúsi Guðmundssyni til greiðslu í Búnaðarbanka Íslands hér í bæ við sýningu, en á víxli þessum, sem var afsagður vegna greiðslufalls 5. nóvember 1968, eru stefndu Svavar og Guðmundur ábekingar.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða fjárhæð víxilsins, kr. 150.000.00, með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 5. nóvember 1968 til greiðsludags, kr. 180.00 í afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi Svavar hefur sjálfur sótt þing fyrir alla stefndu, en þingsókn féll niður af hans hálfu, án þess að varnir kæmu fram. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem stefnandi hefur lagt fram frumrit víxilsins með löglegri heimild, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Víxillinn er samþykktur af stefnda Magnúsi, svo sem áður er rakið, en í meginmáli víxilsins er Benzín- og hjólbarðapjónustan sögð eiga að greiða víxilinn. Stefndi Magnús er hins vegar einkaeigandi Benzín- og hjólbarðapjónustunnar. Þykir því ástæðulaust að dæma Benzín- og hjólbarðapjónustuna sérstaklega.

Það athugast, að vaxtakrafan er gölluð að því leyti, að krafizt er vaxta frá „sýningu“, án þess að sýningardagurinn sé tiltekinn.

Málskostnaður ákveðst kr. 18.000.00.

Stefán M. Stefánsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Magnús Guðmundsson, Svavar Guðmundsson og Guðmundur E. Guðmundsson, greiði in solidum stefnanda, Búnaðarbanka Íslands, kr. 150.000.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 5. nóvember 1968 til greiðsludags, kr. 180.00 í afsagnarkostnað og kr. 18.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. janúar 1971.

Nr. 245/1969. M (Logi Guðbrandsson hrl.)

gegn

K (Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Barnsfaðernismál. Fyllingareiður.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. desember 1969, að fengnu afrýjunarleyfi 2. s. m. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum stefnda, en til vara, að honum verði dæmdur synjunareiður í málinu. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi afrýjanda.

Eftir uppsögu héraðsdóms fór enn fram blóðflokkarannsókn. Var aðiljum málsins og barninu, A, tekið blóð og úrtakið sent til Retsmedicinsk Institut í Kaupmannahöfn „til ákvörðunar á Gm og Gc kerfunum“. Niðurstöður þessarar rannsóknar voru, að ekki var unnt að útiloka afrýjanda frá faðerninu.

Með skírskotun til forsendna hins afrýjanda dóms ber að staðfesta hann að öðru en því, að eiðsfrestur ákveðst tveir